

## Heimsókn í Hlutverkasetur Borgartúni 1.

Mætt voru Ingibjörg Hrönn frá velferðarsviði, Berglind og Auður frá Hverfisgötu, Laufey, Guðmundur og Anton frá Dalbraut og Ingibjörg og Jóhanna frá Austurbrún.

Ég vil benda á að allar upplýsingar um starfsemina er að finna á [www.hlutverkasetur.is](http://www.hlutverkasetur.is)

Byrjað var á að afhenda okkur stundaskrá og hana má einnig finna á heimasíðunni í grænum kassa. Farið var nánar í hvern lið stundaskrárinnar. Ýmis námskeið sem þarf að skrá sig á árla morguns eða deginum áður. Teikninámskeið þarf t.d. að skrá sig á fyrirfram en þar er biðlisti og verið að safna í hóp.

- Olúlitir á miðvikudögum og akrýlmálun á fimmtudögum.
- Teikninámskeið-færð 4 ramma ókeypis og síðan að koma með sjálfur.
- Saumar og prjónar. Nóg garn er til á staðnum en þarf að koma með prjóna.
- Leirlist. Hlutirnir eru síðan brenndir í lðjubjálfun LSH.
- Á miðvikudögum er súpa og heimabakað brauð og kostar á bilinu 100-300 kr. Óskað er eftir að fólk skrái sig í það eða láti vita.
- Tölvun mín á mánudögum þá er hægt að koma með tölvuna sína, bara kassann, ekki skjáinn og lyklaborðið og hægt er að fá aðstoð og leiðbeiningar með að setja upp forrit og annað í tölvuna.. Óskað er eftir því að látið sé vita samdægurs ef fólk ætlar að nýta sér það.
- Einnig er jóga, slökun/streitustjórnun og gönguferðir hluti af dagskránni.
- Nemandi í HÍ er með kennslu í rússnesku og rússneskri menningu 1x í viku.

Starfsfólk eru þrír iðjubjálfar, einn almennur starfsmaður, tveir notendur í hlutastöðu og þrír notendur í NSN (notandi spyr notanda verkefninu).

Þeir sem stunda staðinn eru samkvæmt skilgreiningu staðarins þeir sem hafa misst hlutverk í lífinu, atvinnulausir, geðfatlaðir og tilvísanir fara einnig fram í gegnum þjónustumiðstöðvarnar.

Ég vil sérstaklega hvetja búsetukjarnana á Hverfisgötu, Bergþórugötu og Skúlagötu til að skoða þennan valkost vel. Það sem mér fannst áberandi var hvað þarna var fámennt þegar við komum og einnig var staðurinn laus við fyrirfram ákveðin viðhorf sem svo margir af okkar íbúum forðast. Þarna var notalegt umhverfi og mjög ákjósanleg afþreying sem brýtur upp daginn fyrir þá sem eru mikið heima við. Einnig gæti staðsetningin hentað fyrir þá sem búa lengra frá þar sem hún er miðsvæðis og gott aðgengi að almenningsamgöngum.